

## Stjórnarfundur TSÍ þann 18.03.2009 kl 12:00 – 13:15

Mættir voru Hafsteinn, Ingólfur, Rakel og Skjöldur

### 1. Fjárhagsáætlun TSÍ 2009

Drög að fjárhagsáætlun sem var samþykkt á stjórnarfundum TSÍ 5. febrúar hefur breyst á þá leið að kostnaður við árgjald til ITF og að senda 8 leikmenn á Fed Cup og Davis Cup hefur lækkað um 425.451 kr frá því að vera 875.000 kr í að vera 449.549 skv. útreikningum framkvæmdastjóra. Ástæðan fyrir því er lækkun á ferðakostnaði og gengislækkun. Ísland er á biðlista inn á þróunarmót U14 og var búið að ráðstafa 120.000 kr í það verkefni. Mótið er í byrjun apríl næstkomandi og ólíklegt þykir að við komumst inn. Því eru 545.451 kr óráðastafaðar miðað við að við greiðum árgjald til ETA.

Rætt var um í hvaða verkefni ætti að ráðstafa þessum pening. Verkefni sem um var rætt voru Smáþjóðaleikarnir, Ólympíuleikar Æskunnar, styrkur handa Kjartan, verkefni sem snúa að innviði og umgjörð TSÍ (t.d. reglur og gagnasöfnun), íslenskt lén fyrir heimasíðu TSÍ og hugsanlegur kostnaður við að fá fagaðila til að setja upp nýja heimasíðu fyrir TSÍ.

Svara þarf ÍSÍ fyrir 19. mars varðandi Ólympíuleika Æskunnar og eftir tvær vikur varðandi Smáþjóðaleikana. Engar ákvarðanir voru teknar á fundinum varðandi fjárhagsáætlunina eða í hvaða verkefni ætti að eyða peningunum. Í ljósi þess að menn voru ekki sammála var ákveðið að fólk fengi að hugsa til kvölds og myndu svo vera í sambandi til að taka ákvörðun um hvort senda eigi á Ólympíuleika Æskunnar þar sem svara þarf því á morgun.

Kveðja,  
Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ